



FRÍTT  
EINTAK





KRÍTADU ÞIG UPP





## MÆLIR MEÐ...

### FYRIR NAUTNASEGGI

Bollu- sprengi- og öskudagurinn eiga sér stað í næstu viku og er það mikið gleði-efni. Hvað er betra en þrjú dagar af kræsingum og búningum? Monitor mælir með að skoða uppskrift af lúxusbolludagsbollum á blaðsíðu 18.



### FYRIR MANNRÉTTINDI

Heimildarmyndin „Call me Kuchu“ verður sýnd í Bíó Paradís klukkan 18 í kvöld. Tilgangur sýningarinnar, er að vekja athygli Íslendinga á stöðu hins-egin fólks í Úganda sem og að afla fjár fyrir grasrót hinsegin fólks í Úganda. Hægt verður að nálgast miða á sýninguna í anddyri Bíó Paradísar í dag.



### FYRIR SÍMANN

Monitor mælir með því að allir þeir sem eiga snjallsíma næli sér í Skyndi-hjálpar-App Rauða Krossins. Með appinu er hægt að sjá myndbönd sem sýna einfaldar leiðbeiningar um helstu aðgerðir skyndihjálpar. Slysinn gera ekki boð á undan sér og er því mikilvægt að sem flestir hafi skyndihjálpinu á hreinu.



### FRIDRIK ÁRNI

**Fyrstu sex:** 150295.  
**Uppáhalds fag:** Danska.  
**Draumahlutverk:** Glanni Glæpur.  
**Lag á heilanum:** "Total Eclipse Of The Heart".

# Spara ekki gerviblóðið

**Herranótt**, leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, frumsýnir harmleikinn *Títus á föstudaginn kemur*. Monitor ræddi við aðalleikarann, **Friðrik Árna**.

MR-ingar ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur á sviði leiklistarinnar. Leikfélagið MR-inga, Herranótt, setur árlega upp leiksýningu eins og flestir menntaskólanna og í ár er varð harmleikurinn Títus eftir William Shakespeare fyrir valinu. Friðrik Árni Halldórsson fer með titilllutverkið.

„Ég leik rómverskan hershöfðingja sem er kallaður heim eftir blóðugt stríð við Gota vegna þess að keisari Rómar lést. Eftir að hafa útnefnt Satúrínus sem keisara hefst blóðug barátta milli hans og konu Satúrínusar, Tamóru gotadrottningu,“ segir Friðrik og það er ljóst af lýsingum hans að nóg er af blóðsúthellingum í verkinu. „Við skulum bara segja að við förum ekki sparlega með gerviblóðið,“ segir Friðrik og skal það engan undra enda hefur verkinu verið líkt við kvikmyndir hins blóðþyrsta leikstjóra Quentin Tarantino. „Þrátt fyrir að þetta hafi verið vinsælasta verk Shakespeares á hans tíma er þetta vanmetnasti og blóðugasti harmleikur hans sem fæstir kannast við,“ segir Friðrik en

hann segir verkið vera ádeilu á hefndarþorsta og valdasýki mannsins.

„Í leikhópnum eru frábærir upprennandi leikarar sem hafa lagt allt sitt í sýninguna og blómstra öll sem eitt,“ segir Friðrik en hann ber jafnframt leikstjórnar Orra Huginn Ágústssyni vel söguna og segir að undir leikstjórn hans hafi verkið orðið að frábæru leikriti sem enginn megi missa af.

### Ögrandi aðalhlutverk

Líkt og í mörgum framhaldsskólanna eru haldin leiklistarnámskeið í MR sem undanfari val á leikurum Herranætur. „Ég tók þátt í námskeiðunum sem haldin voru í fyrra en þetta er í fyrsta sinn sem ég er í leikhópnum,“ segir Friðrik og hann neitar því ekki að það hafi verið ögrandi að hreppa aðalhlutverkið. „Ég var alveg smá stressaður þegar hlutverkin voru tilkynnt en ég var ótrúlega ánægður að fá að leika Títus. Þetta hefur verið ein sú allra skemmtilegasta lífeyfsla sem ég hef upplifað.“

Friðrik er á þriðja ári á eðlisfræðibraut II við MR en hann segist hafa verið afar óviss þegar kom að vali á menntaskóla á sínum tíma. Hann segir að líklega hafi félagslífíð og nálægð við heimili hans ráðið úrslitum. Undirbúningur leiksýningarinnar er í fullum gangi en flestar félagslífskempur kannast eflaust við að það taki sinn toll á náminu og er Friðrik þar engin undantekning. „Ég get viðurkennt að ég hef alveg verið duglegri að læra heima en þetta er algerlega þess virði,“ segir hann en eftir frumsýningu mun leikhópurinn og aðstandendur sýningarinnar væntanlega sletta ærlega úr klaufunum. „Beint eftir frumsýningu fara allir sem koma að sýningunni út á land og gistum eina nótt á Brún í Borgarfirði, það verður almenn veisla með nóg af veigum, kakó og kleinur aðallega.“

Títus er sýndur í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði en hægt er að fjárfesta í miða á [midi.is](http://midi.is) og í MR.

**BLAÐIÐ Í TÖLUM**

- 16** atriði koma fram á Tjónafljóði á sunnudaginn.
- 5** námsleiðir gegn námsleiða má sjá á bls. 4
- 3** námsleiðir hefur Áslaug Dís prófaði í HÍ.
- 3** Afrikuríki hafa inleitt dauðrefsingar við samkynhneigð.

**MONITOR@MONITOR.IS**  
**Ritstjóri:** Anna Marsibil Clausen ([annamarsy@monitor.is](mailto:annamarsy@monitor.is)),  
**Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson ([hilmar@monitor.is](mailto:hilmar@monitor.is))  
**Blaðamenn:** Rósa María Arnadóttir, Auður Albertsdóttir, Lísa Hafliðadóttir (í fæðingarorlofi)  
**Forsíða:** Þórður Arnar Þórðarson ([thordur@mbl.is](mailto:thordur@mbl.is)) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingagæild Árvakurs ([augl@mbl.is](mailto:augl@mbl.is))  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson  
**Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

## ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Súludans með Barbapabba

Nýlega hefur mér þótt ég orðin full skvapk-ennd. Ég er nær Barbapabba í vaxtarlagi en Barbie dúkku enda hef ég ekki talið mig hafa tíma fyrir neina líkamsrækt af viti síðustu þrjú árin og svo finnst mér matur góður. Eitthvert vinnukvöldið þar sem ég sat og hámaði í mig hnetusmjörs M&M yfir tölvunni rakst ég á myndband af stúlku í pole fitness.


Pole fitness mætti útleggja á íslensku sem súlufimi. Sjálf hef ég aldrei verið fim, liðug, létt á fæti eða nokkuð annað sem telja mætti til stereótýpískra líkamlegra eiginleika kvenna auk þess sem ég hef alltaf verið haldin öfundarblandinni andúð á fólki sem getur farið í splitt, hvað þá á meðan hangið er á súlu.

Þar sem ég sat þarna og kjamsaði á unaðsfyllta súkkulaðinu mínu mundi ég hinsvegar eftir að hafa farið í pole fitness tíma með gömlu vinnunni minni. Ég var með harðsperrur í tvo sólarhringa eftir tímann og það í vöðvum sem ég vissi ekki að væru til. Ég ákvað að hugsanlega

væri pole fitness góð leið til að hrista af mér spikið og að nú væri kominn tími til að taka langstökk út fyrir þægindarammann.

Ég er bráðum búin að vera í pole fitness í tvo mánuði. Ég hef ekki náð að mæta í alla tímuna og skvapið lætur lítið á sjá en ég strax orðin nokkuð sterkari. Margar þeirra sem eru með mér í tímum eru virkilega flottar á súlunni en súlufimin er í sjálfu sér ekkert kynþokkafyllri en aðrar fimleikaæfingar. Það er í það minnsta ekkert sexy við kófsveittan Barbapabba í spandex stuttbuxum að reyna að gera reverse crucifix. Ég mun líklega enda með að taka byrjendanámskeiðið fjórum sinnum en að því loknu geri ég sterklega ráð fyrir að hafa stökkbreyst yfir Flubber yfir í Hulk. Eða kannski jafnvel eitthvað aðeins kvenlegra.

Anna Marsý



## VIKAN Á FACEBOOK



**Margrét Erla Maack**  
Til að koma í veg fyrir vandræðaleg móment á Eddunni: Hvaða konur hér ætla að vera í JÖR by Guðmundur Jörundsson á morgun? 21. febrúar kl. 23:06



**Bubbi Morthens**  
Net af stjörnum óteljandi stjörnum norðuljós æða um himinhvolfið fegurð sem engin orð fá lýst takk fyrir mig mikli himnasmiður hvílk sýning takk takk. 23. febrúar kl. 21:42



**Þorsteinn Guðmundsson**  
Svakalega þirrandi að vera með væga flensu. Ekki einu sinni hægt að snapa samúð. Enginn vorkennir manni með 13% lasleika. 26. febrúar kl. 12:29



**Atli Fannar Bjarkason**  
Veit ekki hvernig ég á að túlka þetta en síðan ég hætti hjá Bjartri framtíð eru búin að vera dagleg mótmæli á Austurvelli. 26. febrúar

[www.facebook.com/monitorbladid](http://www.facebook.com/monitorbladid)



## Persónulegt og fjölbreytt nám

Þær Rósa, Petra og Erna eru allar á þriðja ári í sálfræði í Háskólanum í Reykjavík. Sálfræði er einnig kennd við Háskóla Íslands og við Háskólann á Akureyri en Petra segir að hvað hana varðar hafi HR orðið fyrir valinu þar sem hann er persónulegri. „Hér er til dæmis bekkjarkerfi og það var eiginlega það sem ég var að sækjast í,“ segir hún. „Ég eiginlega vissi ekki almennilega hvað mig langaði að gera og þegar ég skoðaði sálfræðina sá ég að hún opnaði dyrnar að mjög fjölbreyttu mastersnámi,“ segir Erna um ástæður þess að hún valdi þessa námsleið og Rósa tekur undir.

„Það er rosalega margt sem stendur manni til boða eftir námið. Þegar maður byrjaði hugsaði maður sér kannski að maður yrði sálfræðingur á stofu en það er svo margt annað sem hægt er að gera,“ segir hún en þær stóllur eru sammála um að námið sé ólíkt því sem þær töldu í fyrstu. „Þetta er miklu rannsóknarmiðaðara heldur en maður hélt, svo er fjölbreytnin frábært af því að við erum ekkert bara að skoða einhverja geðsjúkdóma heldur líka atferlismótun og margt fleira,“ segir Erna.

Rósa segir að það skemmtilegasta við efnið sé þegar nemendurnir fá að beyta því á raunverulegar aðstæður. „Það er líka vettvangsnám í boði og þá fáum við að prófa að fara á stofu og í fyrirtæki úti í bæ,“ segir Petra. Stelpurnar hrósa félagslífinu í hástert en nemendafélagið Mentos er enn ungt og í mótun. „Það eru viðburðir næstum alla föstudaga og flesta fimmtudaga,“ segir Erna og Rósa skítur inn í að einnig séu haldnir viðburðir með öðrum nemendafélögum. Í haust verður í fyrsta skipti boðið upp á mastersnám í klínískri sálfræði við HR og stelpurnar segjast allar hafa áhuga á að halda náminu í HR áfram en þær hyggjast engu að síður taka sér um árs hlé frá skóla eftir útskrift.



### PETRA LIND

Fyrstu sex: 260788  
Lag á heilanum: „Automobile“ með Kaleo.

### RÓSA

Fyrstu sex: 010688.  
Lag á heilanum: „Happy“.

### ERNA ÝR

Fyrstu sex: 120289  
Lag á heilanum: „Kiss you“ með One Direction. Hlusta mikið á þá í ræktinni.

# HÁSKÓLADAGURINN

Á laugardaginn verður opið hús í **HÍ**, **LHÍ** og **HR** þar sem allir háskólar landsins munu kynna námsframboð sitt fyrir væntanlegum nemendum. **Monitor** ræddi við nokkra stúdentu um námið þeirra.

## HÁSKÓLI ÍSLANDS

### ÍSAK EINAR

Fyrstu sex: 200492.  
Ef ég væri Disney persóna væri ég: Æi segjum bara Tímon.



## Hagsmunabaráttu og holsjárskoðun

Ísak er á öðru ári í hagfræði við Háskóla Íslands en Áslaug er á sínu fyrsta ári í lækisfræði. „Ég hef áhuga á hegðun fólks og ég held að hagfræðin gefi einna besta mynd af því hvernig fólk raunverulega hagar sér,“ segir Ísak en HÍ er eini háskóli landsins sem býður upp á nám í hagfræði. „Ég hef engan sérstakan áhuga á stærðfræðilega hluta hagfræðinnar en ég hef gaman að því þegar við förum yfir söguna og hvernig hagkerfi hafa þróast en hagkerfi byggjast auðvitað upp á fólki,“ segir Ísak.

Þrátt fyrir að Áslaug sé á fyrsta ári í lækisfræðinni hefur hún tvívegis áður sest á skólabeck í HÍ, í fyrsta skiptið í lífeindafræði og það seinna í hjúkrunarfræði. „Mér fannst lækisfræðin sameina betur vísindin og mannlegu hliðina. Maður hefur meira val um hvort maður einbeitt sér að, rannsóknnum eða mannlegum samskiptum.“ Áslaug segir námið vera gríðarlega skemmtilegt og að hún hafi einnig mjög gaman að því að vera í bekkjarkerfi enda ríki mikil samheldni í hópnun. „Í lækisfræðinni eru vísindafærðir næstum því hverja einustu helgi og svo verður heil ársáh-

tíðarvika þar sem verða viðburðir á hverjum degi,“ segir Áslaug og nefnir að í næstu viku muni fara fram holsjárskoðunarkerppni. Ísak segir félagslífið í hagfræðinni einnig vera mjög gott og að það hafi verið boðið upp á fjöldan allan af skemmtilegum viðburðum þau tvö ár sem hann hefur verið í skólanum þrátt fyrir að minna hafi verið um holsjárskoðunarkerppni. Aðspurð segja þau Áslaug og Ísak hafa komið sér á óvart hversu gamaldags kennsluhættir séu í mörgum greinum. „Maður hefði kannski haldið að ein æðsta menntastofnun landsins legði meira upp úr kennsluháttunum,“ segir Ísak. Áslaug og Ísak eru bæði virk í hagsmunabaráttu stúdentu og segja mikilvægt að nýstúdentar kynni sér Stúdentaráð Háskóla Íslands og stúdentahreyfingarnar. Þau hafa hvorugt tekið ákvörðun um hvað tekur við eftir grunnám en Áslaug telur mjög líklegt að hún sækji sér sérhæfingu til útlanda og Ísak gerir sterklega ráð fyrir að leggja stund á meira nám. „Það væri mjög gaman að fara út og upplifa aðrar menntastofnanir,“ segir hann.

### ÁSLAUG DÍS

Fyrstu sex: 220590.  
Ef ég væri Disney persóna væri ég: Jasmín. Ég var með hana á heilanum þegar ég var yngri og neitaði að svara leikskólakennurunum ef þær kölluðu mig eitthvað annað.

## Kökuföstudagar í Þverholtinu

Iona Sjöfn er á fyrsta ári í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands. „Mig hafði lengi langað í LHÍ. Námið hentaði mér mjög vel þar sem mig langaði í skapandi nám,“ segir Iona en hún kveður bóklegt nám aldrei hafa verið í uppáhaldi hjá henni. Ionu finnst námið afar skemmtilegt á heildina lítið. „Mér finnst afar skemmtilegt að vinna úr hugmyndum og sjá þær verða að einhverju. Það kom mér á óvart hvað það er rosalega góður andi í skólanum og hvað kennararnir eru blíðir og góðir.“

Byggingar Listaháskólans eru nokkuð dreifðar um borgina en hönnunar og arkitektúr deildin sem grafísk hönnun heyrir undir er staðsett í Þverholtinu. Iona segir félagslífið á fjórðu hæð Þverholtsins vera frábært en þar megi t.d. finna einstaklega gott foosball borð en auk þess séu kökuföstudagar alla föstudaga. Aðspurð um góð ráð fyrir væntanlega nemendum LHÍ segir Iona mikilvægt að nemendur standi á sínu en hlusti þó á kennarana og taki flest inn. „Lærið líka á prentarann áður en þið farið að prenta,“ bætir hún við spök, greinilega brennd af kynnum sínum við prentara Listaháskólans.

„Ég er ekki komin með eitthvað heilsteypt plan,“ segir Iona þegar blaðamaður spyr hana út í lífið eftir LHÍ. „Kannski meira nám, kannski beint á vinnumarkaðinn. Það væri spennandi að prófa að vinna í útlöndunum.“



### IONA SJÖFN

Fyrstu sex: 150291.  
Lag á heilanum: Drunk in love – Beyoncé.  
Ef ég væri fiskur væri ég: Trúðafiskur (Clown fish).



## GRUNNNÁMSKYNNINGAR

### Stofa V101

- 13:00 Frumgreinanám
- 13:30 Íþróttfræði
- 14:00 Viðskiptafræði
- 14:30 Sálfræði
- 15:00 Hvað á ég að velja - ætti ég að taka áhugasviðspróf?

### Stofa M101

- 13:00 Tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði
- 13:30 Iðnfræði
- 14:00 Tæknifræði
- 14:30 Verkfræði

### Stofa M103

- 14:30 Lögfræði

## MEISTARANÁMSKYNNINGAR

### Stofa Ú102

- 12:30 MBA-nám
- 13:00 Lögfræði
- 13:30 Tölvunarfræðideild
- 14:00 Íþróttfræði
- 14:30 Viðskiptafræði
- 15:00 Sálfræði
- 15:30 Verkfræði
- 16:00 MPM-nám



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# VELKOMIN Á HÁSKÓLADAGINN Í HR

laugardaginn 1. mars kl.12-16.

Á Háskóladeginum kynna allir háskólar landsins námsframboð sitt. Í HR geta gestir spjallað við nemendur og kennara um allt sem viðkemur grunnnámi, meistaranámi, doktorsnámi, frumgreinanámi og námi við Opna háskólann í HR. Auk þess kynna nemendur margvísleg verkefni og boðið er upp á skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. Jafnframt kynnir Háskólinn á Bifröst námsframboð sitt í húsakynnum HR.

### DAGSKRÁ:

- 13:00 Verðlaun afhent í Hugmyndasamkeppni HR, Vísinda-Villi spjallar við forvitna krakka og gerir með þeim tilraun og hljómsveitin Vök flytur tónlist.
- 14:00 Kór tónlistardeildar LHÍ syngur undir stjórn Sigurðar Árna Jónssonar, nemanda í tónsmíðum.
- 15:00 CALMUS AUTOMATA. Hugbúnaður sem semur og spilar tónlist í rauntíma með aðstoð gervigreindar.

LEGO-námskeið fyrir 6-12 ára börn:

Kl. 12:00, 13:30 og 15:00 í stofu V109. Skráning á staðnum.

Forritunarnámskeið með SKEMA:

Kl. 12:00 (7-10 ára) og 13:00 (11-16 ára) í stofu M107.

Skráning á staðnum.


### NEMENDUR KYNNA VERKEFNI SÍN Í SÓLINNI:

- Skemmtileg eðlisfræði: Van der Graaff-kúla, eldorgel, röntgen og segulkraftur
- Prívíddarlíkön og þrívíddarprentari
- Forritunarkeppni framhaldsskólanna í HR kynnt - gestir fá að spreyta sig á lausn verkefna
- Rannsóknir á tölvuleikjahönnun: Hvernig á að gera tölvuleiki einstaklingsmiðaða?
- Verkefni í sýndarheimum
- Loftbílur, róbotar og Tommy, sjálfvirkur dótabyssuturn, ásamt sjálfvirkum radarsjónbílum
- Mælingar á vöðvaspennu
- Lögfræðiþjónusta Lögréttu verður á staðnum

Taktu upplýsta ákvörðun!  
**KOMDU Á HÁSKÓLADAGINN 2014**  
**1. MARS KL.12-16**

- Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands verða með námskynningu á Háskólatorgi í Háskóla Íslands.
- Háskóli Íslands kynnir námsframboð sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíói.
- Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst kynna námsframboð háskólanna í húsakynnum Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík.
- Listaháskóli Íslands verður með kynningu á námsbrautum sínum í Þverholti 11.

HÁSKÓLA  
DAGURINN



f /Háskóladagurinn

📷 #hdagurinn





**Háskólinn á Hólum**

**Diplómunám í fiskeldisfræði**

Hversu oft hefur þú ekki hugsað „Ég vildi að ég gæti ræktað minn eigin fisk“. Háskólinn á Hólum hjálpar þér að láta drauma þína rætast með diplómanámi sem krefst aðeins eins veturs af ævi þinni. Námið er bæði bóklegt og verklegt og hægt er að velja milli staðnáms og staðbundins lotunáms. Að loknu námi eiga nemendur að geta tekið að sér sérhæfð störf í fiskeldisstöðvum og sinnt rekstri fiskeldisstöðva eða bara sullað í baðkarinu heima hjá sér.

# Út fyrir námsleiðanormið

Það eru ekki allir til þess fallnir að verða lögfræðingar eða mannauðsstjórar og eflaust fengju margir námleiða á þeim námsleiðum. **Monitor** fór á stúfana og fann nokkrar námsleiðir sem eru eilítið óhefðbundnari.



**Háskólinn á Akureyri**

**Nútímafræði**

Ef þér finnst sagnfræðin voðalega gamaldags gætirðu alltaf íhugað nútímafræði. Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda en þar er fjallað um nútímann frá mörgum hliðum, m.a. frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa félagsvísindagreina. Á námsleiðinni eru engin próf heldur byggir námsmátið á simati (snilld) sem hefur þó ekkert með símaat að gera (vonbrigði).



**Háskóli Íslands**

**Master í víkinga- og miðaldarfræðum**

Hver elskar ekki Sturlunga, kuml og Snorra-Eddu? Þessi námsleið er samstarfsverkefni milli Háskóla Íslands, Háskólans í Árósum, Kaupmannahafnar Háskóla, Háskólans í Osló og Árnastofnunar og er kennd á ensku. Þó er tilgangur námsleiðarinnar að þjálfa fólk í fornorrænni tungu, bókmenntum og sögu auk þess sem hæfnin til að vinna úr gömlum handritum, rúnum og örðum munum er mótuð. Ef uppáhalds barinn þinn er Fjörukráin og þú nýtur lífsins best í sauðskins-skóm þá er þetta eitthvað fyrir þig.

**Landbúnaðarháskólinn**

**Umhverfisskipulag**

Nám í umhverfisskipulagi er BS-nám í landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum og gengur út á að læra að skipuleggja götur, garða og önnur opin svæði á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Ef námsleiðin væri tölvuleikur þá hétu henni SimCity: Gardening edition. Ef orð eins og sjálfbærni og vistvænt kveikja með þér lendaelda ættir þú að kynna þér námið betur.




**Listaháskólinn**

**Sviðshöfundabraut**

Blundar í þér þjád og listræn sál? Ertu skapandi týpa með snert af athyglissýki sem hefur samt ekki áhuga á leiklistamámi? Kannski getur þú beislað orkuna innra með þér með því að gerast leikskáld. Á Sviðshöfundabraut er unnið með hlutverk sviðshöfundarins í sviðslistum þ.e. leikstjórans, leikskáldsins eða sviðslistarmannsins. Megin áhersla er lögð á að nemendur þrói með sér listræna sýn og nálgun við miðilinn sem höfundar og verði að náminu loknu sjálfstæðir skapandi sviðslistamenn.







# ÚTHALD

## CW-X® CW-X Stabilyx íþróttabuxur

- styður við hné, kvið, mjóbak, mjaðmir, læri, IT band, kálfa og hásin
- örvar blóðflæði og dregur úr myndun harðsperra
- eykur stöðugleika, jafnvægi, hreyfigetu og úthald
- dregur úr hættu á meiðslum



 CW-X.  
CONDITIONING WEAR.®





SALÓME JÓRUNN

**SALÓME**

Fyrstu sex: 290694.

**Bókin á náttborðinu:** Lord of the Rings: Two Towers.**Lag á heilanum:** How long will I love you - Ellie Goulding.**Dreymir um...**

iPhone 5 eða Canon myndavél.

**Morgunmaturinn:**

All Bran og Ab mjólk.

**Kók eða Pepsi?**

Alltaf Kók (drekki samt frekar fanta eða appelsín).

**Morgunhafi eða náttfráfn?**

Morgunhafi.

**Lífið eftir fimm ár**

verður... "fabulous" í erlendum háskóla.



# Góður undirbúningur fyrir framtíðina

**Salomé Jórunn Bernharðsdóttir** er nítján ára stúdent úr Menntaskólanum í Reykjavík. Nú mundar hún þrjónana í **Hússtjórnarskólanum** og segir námið þar einstaklega hagnýtt og skemmtilegt.

**ÝMIS VERKFÆRI ERU NOTUÐ Í SKÓLANUM**

**Hver er þinn bakgrunnur?**

Ég er nýstúdent úr MR en ég útskrifaðist síðastliðið vor.

**Hvað kom til þess að þú ákvaðst að fara í Hússtjórnarskólann?**

Ég var búin að heyra af þessum skóla frá stelpu sem ég vann með í Vindáshlíð og það voru margar búnar að fara í þetta nám og gáfu skólanum góða einkunn. Mér þótti það því tilvalið að slá til og læra eitt og annað sem gæti nýst manni í framtíðinni.

**Ertu ánægð með valið?**

Já, þetta er mjög hagnýtt nám og maður býr lengi að þessari kunnáttu. Þetta er kannski ekki eitthvað sem ég myndi velja sem starfsferil en þetta er mjög góður undirbúningur fyrir framtíðina.

**Hvernig viðbrögð fékkstu þegar þú ákvaðst að fara í Hússtjórnarskólann?**

Ég fékk mjög góð viðbrögð og allir tóku þessu vel. Mamma fékk í kjölfarið þrjónaæði og er að reyna að halda í við mig. Hún hafði aldrei verið mikil þrjónakona en þetta er hennar hvatning. Margar konur höfðu orð á því að þær hefðu alltaf langað að fara í skólann. Þá veit ég um aðrar sem skemmtu sér mjög vel í þessum skóla.

**Þú hefur ekkert óttast að vera talin andfeminísk?**

Nei, alls ekki. Ég skil samt það sjónarmið. Ég á til dæmis eina gamla frænku sem var ekkert allt of hress með að ég væri að fara í þennan skóla og fannst ég vera að svíkja lit en mér finnst það samt alls ekki þannig. Strákar eiga til dæmis alveg jafn mikið erindi hingað og stelpur. Þetta er nám sem getur nýst öllum.

**Hvað er þetta langt nám?**

Þetta eru fjórtán vikur allt í allt.

**Hvað kostar námið?**

Grunnnámið kostar 420 þúsund krónur en kjósi maður að dvelja á heimavistinni þá bætast við 60 þúsund krónur.

**Eru margar á heimavistinni?**

Já, það eru fjórtán stelpur á heimavistinni. Ég er sjálf úr Reykjavík þannig að ég dvel ekki þar en það er víst mjög mikið fjör hjá þeim.

**Hvernig er venjulegur dagur hjá ykkur?**

Hópnunum er skipt í tvennt. Annar hópurinn sinnir matreiðslu fyrri hluta annarinnar á meðan hinn einbeitt sér að handavinnu. Svo skipta hóparnir um hlutverk seinni hluta annarinnar. Dagarnir hér eru allir frekar mismunandi. Mánudagar og þriðjudagar hefjast venjulega á ræstingu eða næringafræði. Svo tekur við fatasumur út allan daginn. Á miðvikudögum erum við venjulega að þrjóna allan daginn og á fimmtudögum þrífum við fyrir hádegi og lærum útsaum eftir hádegi. Föstudagar eru síðan frekar rólegir.

**Hvað er skemmtilegast að læra?**

Ég hef mikla ánægju af því að læra að þrjóna. Ég hef mestan áhuga á þrjónaskap og mér finnst það því skemmtilegasta fagið. Svo hef ég heyrt að það sé skemmtilegt að vefa en ég hef ekki prófað það enn sem komið er.

**Hvað er erfiðast að læra?**

Stærsta verkefnið hingað til er vöggusett fyrir nýfædd börn sem við vorum látin gera. Það var mjög metnaðargjarnt verkefni en ég held að við höfum allar staðið okkur vel.





**SAUMASKAPUR ER STÓR  
HLUTI AF NÁMINU**


Myndir/Árni Sæberg

**HÚSSTJÓRNARSKÓLINN**

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík tók til starfa 7. febrúar 1942 og hét þá Húsmæðraskóli Reykjavíkur. Árið 1998 stóð til að leggja skólann niður eða sameina hann öðrum skólum. Konur sem voru í skólamefnd á þessum tíma voru ekki á þeirri skoðun að leggja ætti skólann niður og gengið var til samninga við menntamálaráðuneytið um stofnun sjálfseignarstofnunar, þ.e. Hússtjórnarskólans í Reykjavík. Skólinn hefur verið rekinn með því formi síðan 1998 og hefur aðsókn verið mjög góð síðan þá og ávallt verið fullsetinn skóli og aðsókn aukist árlega. Námið er ein önn og á hverri önn eru teknir inn 24 nemendur. Þá býður hússtjórnarskólinn upp á heimavist fyrir 15 nemendur.



**ÚTSAUMURINN ER  
MIKILVÆG OG GÓÐ IÐJA**



**GAMLI GÓÐI TVINNINN  
SVÍKUR ENGAN**

Strákar eiga til dæmis alveg jafn mikið erindi hingað og stelpur. Þetta er nám sem getur nýst öllum.



**GULLFALLEGIR KJÓLAR  
FYRIR LITLAR DÖMUR**



**NEMENDUR SKÓLANS  
DÁST AÐ HANDVERKINU**





**HÖNDLARÐU HITANN ?**

THE ORIGINAL  
**TYRKISK  
PEBER**



# Vilja skapa umræðu og meðvitund

Þær **Lára Rúnars, Hafdís Huld, Myrra Rós og Margrét** í **VÖK** eiga það sameiginlegt að vera allar söngkonur. En það sem þær eiga einnig sameiginlegt að þær koma allar að viðburðinum **TÓNAFLJÓÐ** sem fer fram í Hörpu um helgina, Lára sem verkefnastýra, á meðan hinar þrjár koma fram á sviði.







## KÍTÓN

### Hvað er KÍTÓN?

Kítón er félag kvenna í tónlist en það var stofnað árið 2012.

Formaður félagsins er Védís Hervör Árnadóttir en stjórn félagsins inniheldur margar þekktar tónlistakonur eins og Ragnheiði Gröndal, Hallfríði Ólafsdóttur flautuleikara, Gretu Salóme Stefánsdóttur, Láru Rúnars, Hafðísi Huld og Andreu Jónsdóttur „rokkömmu“ á Rás 2.

### Hvað er að gerast í Hörpu á sunnudaginn?

Á sunnudagskvöldið verður TÓNAFLJÓÐ í Hörpu þar sem 170 manns munu stíga á svið Eldborgar en atriðin verða 16 talsins.

**Hverjir koma fram?** Lay Low, Mammút, VÖK, Ellen Kristjáns, Ragga Gísla, Ragnheiður Gröndal, Cell7, Sunna Gunnlaugs, Myrra Rós, Hafðís Huld flytja eigin tónlist. Síðan munu. Kapút, Vox feminae, Sinfónuhljómsveit áhugamanna, félagar úr Sinfóniuhljómsveit Íslands og Hljómeyki flytja verk eftir Þórunni Gréttu, Báru Gríms, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jórunni Víðar og Önnu Þorvalds.

Jafnframt verða tveir barnakórar, einn kvennakór og einn blandaður kór.

## MARGRÉT

Fyrstu sex: 070592

Ef ég væri hljóðfæri væri ég: Selló.

Uppáhalds vikudagur: Föstudagur.

Uppáhalds nammi: Oreo milka.

Síðasta borg sem ég fór til utan

landsteinanna: London baby.

Síðasti aðili sem ég knúsaði: Ólafur gítaristi Vakar.



## HAFDÍS HULD

Fyrstu sex: 220579

Ef ég væri hljóðfæri væri ég:

Ukulele, lítið en alltaf í góðu stuði.

Uppáhalds vikudagur: Laugardagur.

Uppáhalds nammi: Allt nema hvítt súkkulaði.

Síðasta borg sem ég fór til utan

landsteinanna: Peterborough.

Síðasti sem ég knúsaði: Arabella lðunn dóttir mín.





**LÁRA**

**Fyrstu sex:** 041082  
**Ef ég væri hljóðfæri væri ég:** Kontrabassi.  
**Uppáhalds vikudagur:** Góðir dagar eru góðir dagar sama hvað þeir heita.  
**Uppáhalds nammi:** Eitt sett.  
**Síðasta borg sem ég fór til utan landsteinanna:** Bangkok.  
**Síðasti aðili sem ég knúsaði:** Hafðísi Huld.

**MYRRA RÓS**

**Fyrstu sex:** 280483  
**Ef ég væri hljóðfæri væri ég:** Vá ég veit ekki, gítar bara.  
**Uppáhalds vikudagur:** Laugardagur.  
**Uppáhalds nammi:** Súkkulaði.  
**Síðasta borg sem ég fór til utan landsteinanna:** St. Gallen í Sviss.  
**Síðasti aðili sem ég knúsaði:** Júlíus minn. Ég er alltaf að knúsa

**K**ÍTÓN, félag kvenna í tónlist er ungt félag sem hefur þó látið í sér heyra undanfarin misseri. Nú um helgina verður félagið sérstaklega áberandi þar sem stendur að tveimur viðburðum í Hörpu, fyrst er það málþing á laugardaginn og svo stórtónleikar á sunnudaginn. Blaðamaður Monitor rölti í Hörpuna og hittu fjórar konur sem allar koma að KÍTÓN og TÓNALJÓÐI með einum eða öðrum hætti.

**Texti:** Auður Albertsdóttir audura@monitor.is  
**Myndir:** Þórhur Arnar Þórðarson thordur@mbl.is

**Ef við byrjum á byrjuninni, hvað er KÍTÓN?**

↳ KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, var stofnað 12.12.12. Félagið spratt upp úr umræðu milli tónlistarkvenna á Facebook, en þar varð til lokað síða með yfir 600 konum sem störfuðu í tónlist á Íslandi. Það vatt síðan upp á sig og stuttu síðar var stofnað félag með kennitölu og 9 manna stjórn. Við fundum strax að það var vettvangur fyrir svona félag og svona þarfa umræðu um margt og mikið sem maður hafði ekki endilega verið að velja fyrir sér. Við gátum sameinast um margt. Reynsluheimur okkar er líkur að mörgu leyti. Þarna var líka vettvangur til þess að kynna öðrum konum sem starfa í tónlist sem við vissum af.

↳ En þekktumst kannski ekki beint.  
 ↳ Þar sem að mun færri konur starfa í tónlist höfum við flestar verið umkringdar karlmönnum, í öllu hljómsveitarbraski og svona þannig þetta varð allt í einu vettvangur til þess fyrst og fremst kynna og mynda tengslanet okkar á milli því það er það sem bransinn gengur útá.

↳ Núna veit maður frekar af konum sem spila á hljóðfæri og eins finn ég fyrir meiri samstöðu meðal tónlistarkvenna hér á landi sem er alveg frábært.

↳ Forveri þessa félags er í rauninni Trúbatrix sem sprettur af svipaðri þælingu sem Myrra Rós meðal annars stofnaði.

↳ Ég og Eliza Newmann byrjuðum með Trúbatrix sem var einmitt svipuð þæling. Við vorum nokkrar konur saman sem vorum að gera og gefa út tónlist og halda tónleika. En það var ekki líflangt í raun og veru. Þetta voru bara tvö sumur sem við gerðum einhverja hluti en svo datt það upp fyrir. Það var bara svo erfitt að sinna þessu og öllu öðru. Þetta varð of stórt batterí fyrir okkur tvær. Þessvegna var svo gaman að sjá KÍTÓN koma og taka þetta upp á fagmannlegu stig og gera þetta rétt. Við í Trúbatrix vorum bara að lúðast með einhverjar þælingar og drauma.

↳ En Trúbatrix var algjörlega fyrirmynd KÍTÓN. Sömuleiðis „Stelpur Rokka“ sem eru rokksumarbrúðir fyrir ungar stelpur. Þetta virðist bara vera í öllu samfélaginu, bæði í atvinnulífinu og annars staðar. Þessi þörf fyrir konur að mynda einhverskonar

tengsl og koma saman. Með því styrkjast þær bæði innan frá og utan. Okkur finnst mikilvægt að benda sömuleiðis á gróskuna. Það er það sem við erum fyrst og fremst með tónleikunum okkar TÓNALJÓÐ á sunudagskvöldið, að benda á alla þá stórkostlegu flóru tónlistarkvenna sem eru að gera flotta hluti. Við fjórar t.d. erum allar að gera tónlist sem er mjög góð en líka mjög ólík. Það er fullt í gangi og það þarf að fjalla um það. Við þurfum að vera sýnilega og vera fyrirmyndir fyrir aðrar tónlistarkonur.

↳ Það er líka svo skemmtilegt með þetta að það kemur allt í einu einhver grundvöllur sem maður hafði ekki áður. Maður kynnist öðrum konum með því að mæta á fundi og hægt og rólega kemstu inn í hópinn. Það verður þá auðveldara að hafa samband við aðrar konur og vinna að því að gera eitthvað skemmtilegt saman.

**En hver mynduð þið segja að væri staða kvenna í tónlist á Íslandi?**

↳ Árið sem KÍTÓN var stofnað var nokkuð áberandi hvað það vantaði algjörlega tilnefningar til kvenna á Íslensku Tónlistarverðlaununum. En staða kvenna í tónlist er betri en hún hefur oft verið og við stefnum að því að gera hana enn betri á komandi árum.

↳ Þetta helst í hendur við aðra jafnréttisbaráttu, vinnumarkaðurinn er kynjaskiptur og það sama á við í tónlistinni. Jafnframt eru fleiri karlar sem vinna í tónlist og við tónlist og það er einmitt það sem við ætlum að fjalla um og velja fyrir okkur á málþinginu á laugardaginn. Hvort að það hafi áhrif á stöðu og sýnileika íslenskra tónlistarkvenna. Á málþinginu fáum við m.a. aðila sem hafa starfað mjög lengi í kringum íslenska tónlistarflóru eins og t.d. Árna Matthíasson, blaðamaðmann á Morgunblaðinu og Örnú Kristínu Einarsdóttur framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands ásamt Katrínu Jakobs formann Vinstri gærnna svo eitthvað sé nefnt. Fyrst og fremst þurfum við bara að skapa umræðu og meðvitund. Á þessu eina ári hefur mikið gerst í þeim efnum.

↳ Það er líka gaman að sjá hvað allir eru jákvæðir gagnvart KÍTÓN. Við finnum fyrir miklum meðbyr frá bransanum, hvort sem það eru karlar eða konur.

**En staðreyndin er sú að konur eru minna áberandi í tónlistarheiminum en karlar. Er eitthvað ákveðið sem veldur því?**

↳ Það má alveg henda einhverju í loftið en það er erfitt að finna einhverja ápreiðanlega ástæðu. Ég held samt að fyrirmyndirnar skipti ótrúlega miklu máli. Þegar það er lítið um stelpur sem spila til dæmis á trommur eða bassa verður þetta mjög kynjaskipt, eins og hljóðfæraskipun innan banda. Þetta sést til dæmis í tónlistarskólunum en þá velja stelpur oft ákveðin hljóðfæri og strákar önnur.

↳ Það er samt að breytast. Ég er farin að sjá alveg

fullt af stelpum sem spila á „strákahljóðfæri“.

↳ Ég held einmitt að þessi aukna meðvitund sé að hafa áhrif, eins og til dæmis með Músíktílaunir. Þar eru margar stelpur að koma inn í þennan heim, sama með „Stelpur rokka“.Stundum þarf bara aðeins að yta á þær og ég veit að Músíktílaunir eru mjög meðvitaðar um að gæta kynjajafnréttis innan þeirra. Með svona félagi eins og KÍTÓN kemur fólk inn, bendir á stöðuna og virkir alla í bransanum til að taka höndum saman. Þetta er ekki þannig að við séum að stilla okkur upp á móti karlmönnum eða ganga inná þeirra svæði, við erum bara að stækka svæðið. Það er alveg pláss fyrir allar þessar konur. Okkur er oft stillt upp í samkeppni, eins og það sé bara pláss fyrir tvær á topplistanum í staðinn fyrir að við megum vera þar allar og ættum að vera það. Við erum algjörlega á réttri leið.

**Við finnum fyrir miklum meðbyr frá bransanum, hvort sem það eru karlar eða konur.**

**En aftur að KÍTÓN. Hvað hefur félagið verið að gera síðan það var stofnað fyrir rúmu ári?**

↳ Málþingið og tónleikarnir í Hörpu eru stærstu viðburðirnar okkar hingað til.

↳ Ég hef undanfarið verið að vinna að rannsókn um stöðu kvenna í tónlist. Ég kortlagði þáttöku kvenanna með því að skoða tölfræðina á bakvið hana. Í kjölfar þess skiptum við KÍTÓN í þrjá vinnuhópa, þeir eru viðburðir, greinaskrif og rannsóknir og grasróttin. Við eigum svoltið eftir að virkja þessa hópa. En við höldum tónleikaröð í Viðey seinasta sumar.

↳ Einnig fóru nokkrar okkar fóru í tónleikaferðalag út á land til að kynna félagið og söfnuðum félagskonum.

↳ Það eru einmitt svo margar konur úti á landi sem eru minna sýnilegar en þær á höfuðborgarsvæðinu.

↳ Ætli fyrsta árið hafi ekki farið í það að láta tónlistarkonur vita af félaginu og bera út boðskapinn.

↳ Já, bara skapa okkur stöðu og vettvang. Finna sameiginleg markmið og tilgang. Finna hvar við viljum leggja áherslu og beita okkur.

**En nú stendur mikið til um helgina í Hörpu. Hvað er nákvæmlega að fara að gerast?**

↳ Það er uppskeruhátíð íslenskra tónlistarkvenna.

↳ Rjóminn af íslenskum tónlistarkonum koma saman í Eldborg og flytja verk eftir sig eða kventónskáld. Allt frá nýliðunum í Vök og uppí konur sem hafa starfað lengur eins og Ragga Gísla, Jórunn Viðar og Ellen Kristjáns. Það skemmtilega við tónleikana að þeir ganga þvert á allar tónlistarstefnur. Við erum





með allan aldur, rokk, klassísk, rapp og allt fram eftir götunum.

**H** Þeir mun sýna breiddina meðal tónlistarkvenna. Konur gera svo ótrúlega mismunandi tónlist

#### Finnið þið sjálfar í bransanum fyrir þessu, að þið sem konur, séuð í minnihluta?

**H** Þegar ég er á einhverskonar tónlistarlegum vettvangi eru oftast mun færri konur þar en karlar þannig að því leyttinu til erum við í minnihluta, mynduð þið ekki segja það?

**MR** Jú, en það er ekkert endilega eitthvað sem maður spáir í.

**H** Það er ekki fyrr en maður er spurður að því

**MR** Þó finn ég stundum fyrir því að maður þori ekki að tala um það sem manni finnst. Það er dæmi um þá hluti sem þurfa að breytast. Líka eins og maður kunnir ekki hlutina nógu vel. Þegar við vorum með Trúbatrix hugsaði ég að við gætum alveg gert allskonar og við fórum bara og gerðum allskonar. Það þarf bara að taka þetta á hærra plan.

**H** Við fórum einmitt á tónleikaferðalag þar sem við voru bara fórum, ég, Lára, Ragga Gröndal og Védís Hervör og sáum um allt sjálfar. Það þarf held ég að setja fordæmi, þú þarft ekki að fá strák til þess að tengja fyrir þig græjur eða magnara.

**M** Já það er einmitt það. Tæknidót og þannig hlutir. Fólk heldur oft að ég kunnir það ekki því ég er stelpa.

**H** Okkur fannst mikilvægt að leggja uppúr því að fara sjálfar, finna út úr þessu og bara kyla á hlutina. Fólk varð svoldið hissa á því, að sjá okkur rogast með allan tæknibúnaðinn og setja í samband.

#### Þannig að það gerir það ekkert erfðara að koma sér á framfæri?

**MR** Nei þetta er bara aðallega þegar það kemur að þessum kynjahlutverkum í bransanum, fólk verður bara aðallega hissa að við kunnum að tengja græjurnar sjálfar.

**L** Meiningin er alls ekki slæm, að tengja til dæmis fyrir mann hljóðnema. En maður er búinn að vera í þessu í tíu ár og ætti því að kunna það

**H** Ég finn líka fyrir þessu á ýmsum fundum tengdum tónlistinni. Ég hef lent í því að við erum tvær konur og 60 karlar á fundi. En þetta er vissulega að breytast og með tilkomu KÍTÓN er ég í meira sambandi við aðrar

tónlistakonur

**L** Líka bara maður hefur kannski ekki velt þessum hlutum fyrir sér en þegar manni er bent á þá sér maður hluti sem ætti ekki að teljast eðlilegir og sjálfsagðir en eins og Myrra Rós segir þá má oft bara ekki tala um þá og það er það sem KÍTÓN vill breyta.

#### Mynduð þið segja að starfssemi KÍTÓN væri nauðsynleg?

**L** Já, það skráðu sig allavega 200 konur á einu ári og nú erum við rúmlega 220. Það er nokkuð gott og sýnir að það er augljóslega þörf fyrir þetta.

## Fólk verður bara aðallega hissa að við kunnum að tengja græjurnar sjálfar.

**Nú er allur aldur á þeim konum sem bæði starfa í KÍTÓN og koma fram í Höfðu á sunnudaginn. Er einhver áþreifanlegur kynslóðamaður að komast í tónlist og stöðu kvenna innan hennar?**

**H** Það er náttúrulega miklu aðgengilegra að byrja núna, það hefur svo margt breystvarðandi tæknina sem er í boði. Það er aðgengilegra að gera tónlist almennt.

**M** Já það er auðveldara að komast í tónlistina, þú getur settið með tölvu og gert lag upp á heila hljómsveit. En með stöðu kvenna í tónlist þá bara hlýtur hún að hafa breyst, bæði ef maður skoðar það útrá tæknipróun og hvernig samfélagið hefur breyst.

**H** Rétt eins og með kvinnabaráttuna almennt.

#### Þið talið um mikilvægi fyrirmynda þegar það kemur að því að efla konur í tónlistarbransanum. Eigið þið ykkur einhverjar sérstakar kvenfyrirmyndir í tónlist?

**L** Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tónlistarkonum og ég hlusta mikið á þær. Það hefur verið allt frá Joni Mitchell og PJ Harvey. Svo líka Bat For Lashes, Lykke Li, þetta eru allt svo flottar stelpur

**H** Unanfarin ár hafa svo margar flottar tónlistarkonur komið fram á yfirborðið. Allt í einu er svo mikið fram-

boð sem er náttúrulega bara frábært.

**MR** Það eru einmitt svo margar, erfitt að nefna nokkrar án þess að ég komi með rununa.

**M** Í dag eru konur í tónlistarbransanum svo mikið búnar að leyfa sér að stíga út fyrir rammann, sem er svo frábært.

**MR** Einmitt, til dæmis er Die Antwoord alveg ein sú svalasta.

#### Þið eruð allar fjórar starfandi tónlistarkonur. Hvað er á döfinni hjá ykkur?

**M** Við í Vök erum núna að undirbúa og semja fyrir komandi breiðskífu. Við ætlum að reyna að láta hana koma út í haust. Svo vorum við að spila á Sónar um daginn sem var gífurlega skemmtilegt.

**MR** Það sem er á döfinni hjá mér eru tvær plötur sem koma út núna í ár. Önnur þeirra er platan mín og svo erum við Júlíus kærastinn minn nýbúin að stofna aðra sveit sem kallast VAR. Svo er ég að fara í nokkrar tónleikaferðir. Ég er á leiðinni á SPOT festival með Nordklang sessions, Svo verður tónleikaferð Myrru Rósar og VAR um Þýskaland í enda maí. Síðan fer ég aðeins til Noregs, Bandaríkjana og svo í haust til Póllands í fjórða túrinn þar. Þannig að það er fullt af stuði fram undan.


**L** Ég ætla að loka mig af inni í hljóðveri núna í mars að taka upp lög ásamt því að klára meistararitgerðina mína í háskólanum.

**H** Þriðja sólplatan mín, Home, kemur út núna í byrjun maí á vegum Reveal records í Evrópu og hjá OK!Good í Bandaríkjunum. Þannig að framundan hjá mér er mikið af kynningarvinnu og tónleikaferðalögum vegna plötunnar. Fyrsta tórin er mánaðarlangt tónleikaferðalag um Bretland núna í maí með söngvaskáldinu Boo Hewerdine og svo taka við tónlistarhátíðir í Evrópu í sumar. Meðfram tónleikahaldinu er ég svo að semja nýtt efni, en ég stefni að því að senda frá mér íslenska plötu á næsta ári.

#### Nú hefur þú starfað mikið erlendis Hafdís, og þá sérstaklega í Bretlandi. Hver er staða kvenna þar miðað við hér heima?

**H** Mér finnst konur meira áberandi á spilunarlistum og á verðlaunahátíðum erlendis á meðan hér heima erum við alltaf í minnihluta hvað þetta varðar.





Sigurkarl Eiríksson,  
áður til heimilis á Akureyri.

**EKKERT BARN**

**ÆTTI AÐ VERA**

**Í FLÓTTAMANNABÚÐUM**

**Sendu sms-ið **BARN** í númerið **1900** og gefðu **1.900** krónur**

Víða um heim búa börn við ómurlegar aðstæður í flóttamannabúðum. Þau þurfa öryggi og skjól – rétt eins og öll börn. Framlag þitt hjálpar UNICEF að veita flóttabörnum á átakasvæðum lífsnauðsynlega aðstoð.

Hjálpumst að við að gæta að velferð barna í neyð.

unicef 



# LGBTI fólk komið með upp í kok

Angel Buns P'ojara kom hingað til lands árið 2011. Angel flúði Úganda þar sem líf hennar var í hættu sökum kynhneigðar hennar en með nýtilkomnum lögum hafa aðstæður LGBTI fólks í landinu versnað til muna.

Ný lög í Úganda hafa gert samkynhneigð ólöglega í landinu og dagblöð hafa jafnvel tekið upp á því að birta lista með nöfnum samkynhneigðra. Suður-Afríka er eina Afríku ríkið sem hefur lögleitt hjónaband samkynhneigðra og í þremur löndum álfunnar liggur dauðarefsing við samkynhneigð.

**Hvernig upplifir þú réttindi LGBTI fólks í heiminum í dag?**

Ég held að á einn bóginn séu réttindi LGBTI fólks að minnka á ákveðnum stöðum en á hinn bóginn eru þau að aukast á öðrum en ég tel einnig að LGBTI samfélagið sé komið með upp í kok og verði ekki þaggað niður. Ég trúi því að þetta sé upphafið á komandi breytingum, kannski ekki á okkar ævi en vonandi þarf næsta kynslóð aldrei að upplifa viðlíka kvöl. Ég vonast til þess að ég og við getum skilið eftir öruggari stað fyrir þau en þann sem við búum að.

**Heldurðu sambandi við LGBTI fólk í Úganda?**

Ég á samskipti við fólk mitt daglega og fylgist grant með ástandinu og því sem gerist. Ég get ekki bara látið sem ég sjái þetta ekki og

gleymt þeim þrátt fyrir að ég sjálf sé örugg. Ef eitthvað er þá vildi ég að ég gæti gert meira. Ég get ekki beðið með að tjá mig þar til annar LGBTI einstaklingur meiddist.

**Hvernig hafa þau brugðist við lagasetningunni?**

Þau halda áfram að vera sterk þrátt fyrir fréttirnar af lögunum en það ríkir ótti, ringulreið og áhyggjur gagnvart því hver örlög þeirra verða. Margir halda sig fyrir innan luktar dyr til að tryggja eigið öryggi. Á heildina litið er samfélagið reitt og vonsvikið út í ríkisstjórnina, sérstaklega forsetann sem við höldum öll að myndi átta sig á allri þessari grimmd.

**///** Ég get ekki bara látið sem ég sjái þetta ekki og gleymt þeim þrátt fyrir að ég sé sjálf örugg.

**Hvernig geta Íslendingar aðstoðað fólk í þessari aðstöðu?**

Von mín er sú að Ísland muni bjóða flóttamönnum frá Úganda hæli og veita þeim samskonar vernd og öryggiskenn sem mér hlaut og ég hef áfram meðan ég bý hér.

## PSSST....

LGBTI stendur fyrir Lesbian, gay, bisexual, trans og intersexed

## ELLEN

**Fyrstu sex:** 140391  
**Uppáhalds ávöxtur:** Vínber (í fleitölu, borða alltaf heilan klasa, óvart).  
**Æskuátrúnaðargoð:** Systkini mín öll með tölu.  
**Versti ótti:** Missa einhvern nákominn.  
**Uppáhaldsvikudagur:** Föstudagur, hann er eins og Vígdis Finnbogadóttir, allir elska hann.

## ANGEL

**Fyrstu sex:** 021185  
**Uppáhalds ávöxtur:** Mangó.  
**Æskuátrúnaðargoð:** Ekkert sérstakt.  
**Versti ótti:** Að mistakast.  
**Uppáhalds vikudagur:** Fimmtudagur.



Mynd/Kristinn

# Fallegt karma og glimmer

Ellen Björnsdóttir nemi í viðburðarstjórnun við tómtunda og félagsmálafræðideild Háskóla Íslands og er ein af þeim sem stendur að baki tónleikum til styrktar LGBTI fólk í Úganda.

**Hvernig kom þessi viðburður til?**

Þetta byrjaði allt á því að ég, og fallegi hópurinn minn í viðburðarstjórnun í Tómtunda og félagsmálafræði, höfðum samband við Unnstein í Samtökunum '78. Þá vorum við að grennslast fyrir um málefni sem við höfðum áhuga á að halda styrktartónleika fyrir. Það samtal endaði með því að við gengum til liðs við Samtökin '78 og verkefni sem þau, í samstarfi við Amnesty, voru búin að vera að vinna að í smá tíma en var ekki alveg komið á fullt. Þau voru, eins og við, að skipuleggja styrktartónleika svo við sameinuðum krafta

**///** Nú hefur forsetinn samþykkt þessi lög og ástandið versnað til muna.

okkar og byrjuðum að vinna í að bóka hljómsveitir, stað og allt hitt sem þarf að gera og græja. Málefnið var verðugt, hinsegin fólk í Úganda. Þegar við byrjuðum að skipuleggja lá fyrir forsetanum frumvarp sem kvað á um að stinga mætti manneskjum í fangelsi til lífstíðar einungis vegna kynhneigðar sinnar. Nú hefur forsetinn samþykkt þessi lög og ástandið versnað til muna. Því er þörfin orðin

jafnvel enn meiri en hún var í byrjun þegar við fórum á stað með þetta verkefni.

**Hvar og hvenær verða tónleikarnir haldnir?**

Tónleikarnir verða 6. mars í Norðurljóssal Hörpu og byrja klukkan 20.00. Verndarar tónleikana, sem bera heitið Tónleikar með tilgang, eru Jóhanna Sigurðardóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson en sá síðarnefndi er einnig einn sá tónlistarmanna sem stígur á svið um kvöldið. Aðrir eru Sigga Beinteins og Stjórnin, Sykur, Retro Stefson og Hinsegin kórinn. Það kostar ekki nema örlitlar 2000 krónur á tónleikana og síðan verðum við með 900 númer í gangi á tónleikunum sem gestir verða minntir reglulega á svo þeir geti styrkt málefnið enn frekar. Við lofum svaka stuði og ég veit að loftið verður fullt af fallegu karma og glimmeri.

## SAMKYNHNEIGÐ GERÐ ÓLÖGLEG

Samkvæmt samantekt Amnesty International er samkynhneigð ólögleg í 38 af 54 löndum Afríku. Á mánudaginn var staðfesti forseti Úganda, Yoweri Museveni, lög í landinu sem herða viðurlög við samkynhneigð. Samkvæmt þeim er hægt að dæma fólk í lífstíðarfangelsi fyrir kynhneigð sína og almenningur er skyldaður til að greina frá hvar samkynhneigðir halda sig.





**FJALLA  
KOFINN**



**Marmot**<sup>®</sup>  
ÞÚ FINNUR MUNINN!



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)  



**FJALLA  
KOFINN**





**1** Hitidö ofninn á 200 gráðum á blæstri. Setið síðan smjör og vatn í pott og látið sjóða í 1-2 mín.



**2** Potturinn tekinn af hellunni og hveitinu og saltinu bætt úti og hrært með sleif þangað til það kemur falleg áferð á deigið.



**3** Degið er látið kólna í smá stund, eða þangað til það er hægt að snerta degið og það er hætt að rjúka úr því.



**4** Degið sett í hrærivél og einu egg í einu bætt við blönduna.

# Lúxus bollur á bolludegi

Nú er upphaldsdagur margra, bolludagurinn, á næsta leyti og fékk því **Monitor** matarbloggarann **Gígju Sigríði Guðjónsdóttur** til þess að sýna okkur skemmtilega útgáfu af hefðbundnu vatnsdeigsbollunum.

Gígja Sigríður Guðjónsdóttir er nýtskrifaður uppellisfræðingur sem stundar nú nám í afbrotafræði við Háskóla Íslands. Með skóla starfar hún hjá Icelandair Ground Service en í frítíma sínum finnst Gígju fátt skemmtilegra heldur en að dúlla sér í eldhúsinu.

Þegar Gígja er spurð hvort hún hafi alltaf haft gaman að matargerð segist hún alltaf hafa haft gaman að mat og hafi verið mikill sælkeri frá því hún var lítil. Upp úr tvítugu hafi hún síðan farið að finnast skemmtilegt að elda og baka sjálf.

Samkvæmt Gígju er það misjafnt eftir vikum hversu miklum tíma hún eyðir í eldhúsinu. „Stundum koma vikur þar sem ég elda alla daga, svo get ég alveg lent í því að kaupa tilbúinn mat í viku líka. Ég nýti svo helgarnar yfirleitt í að baka eitthvað gott og prófa nýjar uppskriftir.“

Gígja heldur út síðunni [www.gigjas.com](http://www.gigjas.com) þar sem hún bloggar um matargerð. “Ég

hef mjög gaman af því að taka myndir af matnum sem ég er að búa til og set reglulega á Facebook og Instagram. Fólk var farið að biðja mig um að senda sér uppskriftir af því sem ég var að gera og aðrir vildu að ég færi að blogga svo ég ákvað bara að prufa þetta.” segir Gígja um síðuna.

**Upphalds eldhúshald?** KitchenAid hrærivélin er klárlega upphalds eldúshaldið

**Áttu þér drauma eldhúshald?** Já ég væri alveg til í að eignast Vitamixer blender. Hann er tær snilld.

**Hvað er upphalds maturinn þinn?** Naut, humar, kalkúnn og rjúpur með öllu sem tilheyrir því. Get ekki gert uppá milli.

**Ertu meira fyrir að baka eða elda?** Baka myndi ég segja.



LAKKRÍSKURL SETT Á  
TOPPINN TIL ÞESS AÐ  
ÞETTA VERÐI EXTRA DJÚSI.

Myndir/Hilmar Bragi/Vikurfréttir



**5** Þar næst er degið sett á bökunarplötu með skeið eða sprautu og inn í ofn í 20-25 mín.



**6** Alls ekki opna ofninn fyrr en eftir 20 mínútur því annars er hætt á því að bollurnar falli.



**7** Rjóminn þeyttur og ávöxtunum blandað saman við með sleif.



**8** Rjómanum skellt á bollurnar og Nutella á toppinn.

## Sælkerabollur Uppskrift

**Vatnsdeigsbollur**  
(ca 10 stk, hægt að tvöfalda hana)

- 80gr smjör
- 2 dl vatn
- 2 stór egg
- 2 og hálfur dl hveiti
- salt á hnífisoddi

**Magn eftir smekk af:**

- Nutella
- Lakkrískurli
- Rjóma
- Jarðaberjum
- Bönunum





# VIÐ TRÚUM ÞVÍ AÐ HAMBORGARI SÉ UPPLIFUN



**FERKANTAÐ KJÖT Í FERKANTAÐ BRAUÐ**





Daglega nota ég farða og maskara frá Maybelline, sólarpúður frá Guerlain og hyljara frá Loréal. Minn uppáhalds varalitur þegar ég fer fint er Mac Red frá MAC. Ég stunda ekki ljósabekki en ber heldur á mig sjálfrúnu af og til. Ég nota krem frá Xen-Tan sem er mitt uppáhald. Það gefur húðinni fallegan lit sem hægt er að byggja upp smátt og smátt og inniheldur efni sem eru góð fyrir húðina. Krullujárnið mitt er eitt af því sem ég er oft spurð út í. Það er frá HH Simonsen og það sem ég elska við það er þykktin á því. Það gefur stóra og náttúrulega líði.



Við vinkonurnar ákváðum að prófa að krítamála glerflöskur seinasta sumar og gera úr þeim kertastjaka. Við tókum fjórar mismunandi flöskur og máluðum þær með krítarmálningu sem gaf þessa möttu áferð. "Love" er svo auðvitað bara málað á með krít sem auðveldlega er hægt að þrifa af. Sniðug hugmynd og flott útkoma.

Ég er auðvitað í hópi þeirra Íslendinga sem að fylgja Ittala æðinu. Alls á ég þrjár skálar og nokkra kertastjaka sem að punta vel upp á heimilið.

Fyrir einhverju síðan bjóst ég ekki við að ég myndi nota hauskúpu sem punt heima hjá mér. Ég rakst á þessa í Urban Outfitters í London. Hún er í raun peningabaukur og kostaði litlar 1800 kr. íslenskar. Mér finnst hún æði og er vægast sagt mjög ánægð með hana.



Þessa fallegu Jeffrey Campbell hæla fékk ég í GS skóm fyrir skömmu. Ég er ótrúlega hrifin af þeim. Þeir hafa grófa lúkkið sem að heillar mig mest og passar við allt. Þeir ganga bæði hversdags og fint sem er lyklatríði í skókaupum í dag.



Myndir/Þórður

# Ekki þessi tískuspegúler

**Stíllinn** heimsótti fegurðardrottninguna **Fanneyju Ingvarsdóttir** nú á dögnum sem heldur uppi lífstílsblogginu fanneyingvars.blogspot.com en hún hefur allaf haft gaman af tísku.

Stíllinn fékk að sjá heitustu dress Fanneyjar um þessar mundir en einnig sýndi Fanney okkur hvaða snyrtivörur eru henni nauðsynlegar og nokkra af sínum uppáhalds hlutum og flíkum.

## Fanney, hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér og þínum stíl?

Ég er hress og lífsglöð stelpa sem hef gaman af lífinu. Ég hef ferðast víða sem að hefur kennt mér gríðarlega margt og kveikt á miklum áhuga á því að kynnast hinum stóra heimi betur. Ég tek einn dag í einu og þakka fyrir mitt. Stíllinn minn er mjög fjölbreytilegur og fer í raun alfaríð eftir því hvernig mér líður og hverju mig langar til að klæðast hverju sinni. Hann er nokkuð mikil blanda af gamaldags sem og nýlegum stíl en mér finnst gaman að blanda saman tímabilum. Annars myndi ég segja að hann væri dömulegur, töffaralegur, þægilegur og já, fjölbreytilegur.

## Hvað ertu að bardúsa þessa dagana?

Ég er tiltölulega nýkomin heim frá London. Ég vinn í GS Skóm í Kringlunni með mikið af freistingum í kringum mig alla daga. Ég ætla að njóta páskaþess með fjölskyldunni í Köben og svo er hrikalega spennandi sumar framundan sem ég hlakka mikið til. Ég stefni svo á að hefja nám við hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands í haust.

## Hefur þú alltaf haft gaman af tísku?

Já frá því að ég man eftir mér. Hafa það ekki allar?

## Hvað veitir þér innblástur?

Ég er alls ekki þessi tískuspegúler sem að fylgist með nýjustu línunum frá helstu hönnuðum heims. Ég hef gaman af því að skoða tískublogg á mínu daglega netvafri, og þá eru það helst skandinavísk blogg sem að ég fylgist með. Annars myndi ég klárlega segja þetta týpíska: fólkið úti á götu. Þar finnum við allt á milli himins og jarðar og við erum eins mismunandi og við erum mörg. Það er skemmtilegast.

## Í hvaða búðum verslar þú helst hér á Íslandi? En í útlöndum?

Verslanir hérlandis sem ég versla mest við eru Galleri 17, GS Skór, Zara, Topshop og Spúútnik. Erlendis myndu það vera t.d. Urban Outfitters, Monki, Weekday, Zara, Topshop og gamla góða H&M.

## Hver er þín uppáhalds borg til að versla í?

Ég er svo heppin að eiga stóra systur búsetta í Kaupmannahöfn og þar af leiðandi sæki ég mikið þangað. Köben er dásamleg borg að mínu mati og þar finn ég allar þær verslanir sem eru í uppáhaldi. London og New York eru einnig mjög ofarlega í huga en reynslan mín af þeim borgum er vægast sagt snílld.



Þessi loðjakki úr Topshop er minn allra uppáhalds. Ég var búin að horfa á hann lengi áður en ég fjárfesti í honum. Hann er fallegur, passar við allt og það sem mestu skiptir er að hann er hlýr. Hann hefur oftar en ekki komið í stað 66 úlpunnar í vetur.

## Hver eru þín bestu kaup fyrir og síðar?

Það sem að kemur mér ofarlega í huga eru Billibi hælaskór sem ég á úr GS Skóm. Þeir eru tæplega þriggja ára gamlir og notaðir meira heldur en nokkur getur ímyndað sér, en líta samt út eins og nýir. Það sem að kemur mér hinsvegar efst í huga er iPhone-inn minn. Ég nota varla tölvu í dag þar sem að síminn sinnir öllum sömu skildum. Svo finnst mér Instagram líka alveg ágætt.

## Hvað er algjört möst fyrir veturinn að þínu mati?

Í vetur hefur gróf skótíska verið mjög áberandi. Því grófari því betri fyrir mína parta svo ég fagna því. Strigaskór eru einnig komnir til að vera svo við getum „go nuts“ í strigaskókaupum. Loðjakkar og þykkar kápur eru í miklu uppáhaldi en ég fell vægast sagt mjög auðveldlega fyrir fallegum yfirhöfnum. Dökkir varalitur, flíkur úr leðri eða „pleðri“ og svo eru auðvitað falleg fót í ræktina möst.





**HVERSDAGS**

BUXUR: AMERICAN APPAREL  
 BOLUR: CHEAP MONDAY - URBAN OUTFITTERS  
 JAKKI: VILA  
 TASKA: GALLERI 17  
 SKÓR: JEFFREY CAMPELL - GS SKÓR



**SPARI**

KÁPA: ZARA  
 TOPPUR: ZARA  
 BUXUR: DR. DENIM - DERES  
 LOÐ: GINA TRICOT  
 HANSKAR: DRANGEY  
 SKÓR: JEFFREY CAMPELL - GS SKÓR



**KÓSÝ**

BUXUR: SISTERS POINT - GALLERI 17  
 UNDIRKJÓLL: ZARA  
 BOLUR: MONKI  
 JAKKI: H&M  
 HÚFA: CHARHART - SMASH  
 SKÓR: NEW BALANCE - GS SKÓR



Vinkona mín Alexandra Helga ívarsdóttir er að læra skartgripahönnun úti í London og gerir armbönd sér til „dundurs“. Ég var ekki lengi að verða ástfangin af þeim. Ég á alls fjögur armbönd eftir hana sem eru öll í miklu uppáhaldi og geng ég með þau daglega. Mæli með að kynna sér þau nánar á [www.alexandrahelga.com](http://www.alexandrahelga.com).



**PARTÝ**

TOPPUR: TOPSHOP  
 JAKKI: H&M  
 LEÐURBUXUR: H&M  
 EYRNALOKKAR: ZARA  
 SKÓR: BILLIBI - GS SKÓR  
 TASKA: KEYPT Í NEW YORK



**RÆKTIN**

BOLUR: NIKE PRO  
 BUXUR: NIKE TIGHT FIT  
 SKÓR: NIKE LUNARGLIDE

Ein mesta hvatningin fyrir mig í ræktinni eru falleg ræktarföt. Ég leyfi mér þar af leiðandi að réttlæta kaupskýki mína á ræktarklæðnaði. Ég klæðist alltaf æfingarfátnaði frá Nike sem að ég versla í Nike Verslun.



Do, or do not. There is no „try“.  
Yoda - The Empire Strikes Back

KVIKMYND

## Þunnt og froðukennt

Einhverra hluta vegna var ég spenntur þegar ég sá stíkluna fyrir kvikmyndina Ride Along. Líklegt þykir mér að einhver fortíðarþrá frá dögum Ice Cube í Friday hafi læðst aftan að mér og með nýstirnio Kevin Hart sér við hlið, sem er einn vinsælasti uppistandari Bandaríkjanna um þessar mundir, taldi ég þá geta skilað af sér skemmtilegri kvikmynd sem hægt væri að hlæja að. Þar skjátaðist mér.



gerir hann með því að fara í vinnuna með mági sínum í einn dag þar sem áætlun James er að hrella hann svo mikið að hann hröklast til baka með skottið á milli lappanna, hættir við að giftast konunni sem hann elskar og dragi umsókn sína í lögregluskólann til baka.


Eðlilegt? Ég held nú ekki.

Ég skal gefa kvikmyndinni það að eitt og eitt atriði fékk mig til að brosa en heilt yfir er hún mjög þunn, söguþráðurinn hallærislegur og aukaleikararnir ennþá verri. Staðalmyndirnar grassera og eru á köflum svo yfirþyrmandi að erfitt var að horfa án þess að aulahröllurinn gerði vart við sig. Þrátt fyrir þetta sló hún aðsóknarmet í Bandaríkjunum og því má leiða líkur að því að hún höfði til margra. Ef fólk vill slökkva á heilabúinu í 90 mínútur og leyfa froðunni að leika um það þá er Ride Along tilvalin til þess. Annars er fjöldinn allur af góðum kvikmyndum í bíósólum landsins um þessar mundir sem frekar er vert að líta á.



RIDE ALONG

HJÁLMAR KARLSSON



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### Non-Stop

Lögreglumaður um borð í farþegavél sem er á leið frá New York til London lendir á milli steins og sleggu þegar óþekktur aðili rænir vélinni á vægast sagt óvenjulegan hátt.

Non-Stop er nýjasta mynd spænska leikstjórans Jaime Collet-Serra sem gerði m.a. myndirnar Orphan og Unknown og sýndi með þeim að hann hefur meistaraleg tök á að byggja upp dularfulla atburðarás. Með aðalhlutverkið fer Liam Neeson.

Lögreglumaðurinn Bill Marks hefur um skeið sinnt löggæslu í háloftunum Dag einn sendir óþekktur aðili honum textaskilaboð þess efnis að hann muni myrða einn farþega um borð á 20 mínútna fresti héðan í frá uns látið verði að kröfum hans. Í fyrstu heldur Bill að verði sé að spila með hann, En þegar einn farþeginn finnst myrtur á salemínu 20 mínútum síðar áttar Bill sig á því að hótunin var ekkert grín og að þetta er bara byrjunin á því sem koma skal.

**Aðalhlutverk:** Liam Neeson, Julianne Moore, Nichelle Dockery, Bar Paly, Anson Mount, Lupita Nyong'o og Corey Stoll.  
**Leikstjórn:** Jaime Collet-Serra.  
**Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Ísafjarðarbíó, Selfossbíó og Bíóhöllin Akranesi.  
**Aldurstakmark:** 12 ára.

## Grímur fyrir öskudaginn

Squirrel Mask: 4.900 kr.	Pug Mask: 4.900 kr.
Pigeon Mask: 4.900 kr.	Creepy Pig Mask: 4.900 kr.
Horse Mask: 4.900 kr.	Cardinal Mask: 4.900 kr.



VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladið

### TÖLVULEIKUR

**Thief**  
M MMMM

**Tegund:** Hasarleikur  
**Útgefandi:** Square Enix  
**Pegi:** 18+  
**Dómar:** 6 af 10 - Gamespot, 6,8 af 10 - IGN.com, 6 af 10 - Eurogamer.net

### Þjófótta svín

Það er fátt betra en að læðast aftan að fólk, en það er nákvæmlega sem Thief leikjaserían gerði árið 1998, en þá datt inn fyrsti leikur og kom hann eins og þruma úr heiðskíru lofti. Síðan þá hafa komið samtals þrjú leikir, en sá síðasti kom út fyrir sléttum 10 árum.

Í þessari viku kemur svo fjórði leikur séríunnar og heitir hann einfaldlega bara Thief. Aðalpersóna leiksins er Garrett, en hann hefur leitt alla leiki séríunnar. Garrett er snjallasti þjófur í heimi og þarf hann að læðast um, ræna og rupla. Í þessum fjórða leik snýr Garrett aftur til heimabæjar síns og þarf þar að taka til, en spikfeitur barón hefur tekið völdin og þarf Garrett að koma honum og hans hyski fyrir kattarnef.

Thief leikirnir eru fyrstu persónu hasar- og læðast-um leikir og þurfa leikmenn alltaf að reyna að finna hljóðlegustu leiðina til að leysa vandann. Mikill tími fer í að læðast um í skuggunum, læra inná ferðir óvinanna og láta til skarar skriða. Vopnin sem Garrett hefur til umráða eru frekar hljóðlát og notast hann mikið við sverð, hnífa og boga. Umhverfi leiksins er mjög stórt og opið og geta leikmenn hlaupið

þar um, klifrað upp veggi og vaðið um allt. Þetta virkar allt mjög vel og gefur manni góða tilfinningu fyrir umfangi leiksins, en hann er stúttfullur af hlutum til að stela, verkefnum til að klára og aukaverkefnum sem bæta heilmikið við söguna.

Grafíkin í Thief er mjög góð og ná framleiðendur hans að skapa mjög trúverðugar persónur og umhverfi. Sama má segja um

tónlist og talsetningu leiksins en þar er allt til fyrirmyndar. Helsti galli leiksins er gervigreind óvinanna, en þeir eru heimskir sem hurðakarmar og einnig er ákveðinn galli hvað leikurinn verður einhæfur þegar á líður.

Þessi nýi kafli í Thief séríunni er mjög góður, sérstaklega fyrir þá sem hafa gaman að leikjum á borð við Dishonored, Assassins Creed og svo auðvitað Thief leikjunum. Og mæli ég með honum þrátt fyrir nokkra galla.



ÓLAFUR ÞÓR JOELSSON



Vantar þig aukna orku? 

# FOCUS

Kraftmikill og frískandi orkugefandi drykkur án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

## Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar

– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

## Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

Áhrifarík  
innihaldsefni  
- virkar  
samstundis



Fæst í Fjarðarkaup og helstu apótekum um land allt  
brokkoli.is





HÁSKÓLADAGURINN  
LAUGARDAGINN 1. MARS KL. 12–16

# VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



„Í Háskóla Íslands hef ég kynnst nemendum alls staðar að úr heiminum sem er ómetanlegt.“

Saga Roman, japanskt mál og menning



VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS  
– UM 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI



Spennandi nám og öflugt félagslíf í háskóla í fremstu röð.

[www.hi.is](http://www.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

[www.hi.is](http://www.hi.is)

KOMDU Á HÁSKÓLADAGINN 2014  
1. MARS KL. 12–16  
Taktu upplýsta ákvörðun!

Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands verða með námskynningu á Háskólatorgi í Háskóla Íslands.  
Háskóli Íslands kynnr námsframboð sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíói.  
Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst kynna námsframboð háskólanna í húsakynnum Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík.  
Listaháskóli Íslands verður með kynningu á námsbrautum sínum í Þverholti 11.

HÁSKÓLA  
DAGURINN



f/Háskóladagurinn  
#hdagurinn